

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu og förgun úrgangs í Svalbarðsstrandarhreppi.

## 1. gr.

Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps hefur ákveðið, sbr. heimild í samþykkt um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000, að leggja á árlegt sorpgjald í sveitarfélaginu skv. gjaldskrá þessari.

## 2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

|              |             |
|--------------|-------------|
| Íbúðir       | kr. 47.040  |
| Fristundahús | kr. 19.185  |
| Stærri býli  | kr. 89.110  |
| Minni býli   | kr. 30.325  |
| Fyrirtæki A  | kr. 47.040  |
| Fyrirtæki B  | kr. 89.115  |
| Fyrirtæki C  | kr. 191.225 |

Sveitarstjórn skipar fyrirtækjum í flokka eftir stærð fyrirtækis og magni sorps.

Gjaldið er sem hér greinir:

|            |                    |
|------------|--------------------|
| Nautgripir | kr. 646 pr. stk.   |
| Hross      | kr. 242 pr. stk.   |
| Sauðfē     | kr. 116 pr. stk.   |
| Hænur      | kr. 20,50 pr. stk. |

## 3. gr.

Heimilt er sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps að veita 50% afslátt til elli- og örorkulífeyris-þega frá gjaldskrá fyrir íbúðir þar sem þeir eiga lögheimili.

## 4. gr.

Gjöld vegna förgunar úrgangs frá fyrirtækjum og stofnunum er skv. gjaldskrá móttökuaðila. Fyrirtæki sem kjósa að nýta sér gáma á vegum sveitarfélagsins skulu greiða sorpgjald skv. gjaldskrá.

Heimilt er að beita á lagi á fyrirtækjagjald samkvæmt mati sveitarstjórnar á sorpmagni frá viðkomandi fyrirtæki, þannig að tryggt sé að gjaldið standi undir þjónustunni.

## 5. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra með heimild í 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra, nr. 541/2000, sbr. einnig 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, ásamt síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1395/2019.

*Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Svalbarðsstrandarhrepps, 14. desember 2020.*

**Ingibjörg Erlingsdóttir** sveitarstjóri.